

Tennissamband Íslands 10. apríl 2013



Mætt: Gunnar, Brándur, Helgi, Jónas, Bragi og Júlíana

Fundarritari: Bragi

1. **Íþróttaping ÍSÍ 19. – 20. apríl.** Helgi mun sækja þingið fyrir hönd TSÍ.
2. **Íslandsmót innanhúss 25. – 28. apríl.** Raj og Jón Axel taka mótið að sér.
3. **Davis cup.** Birkir, Raj og Rafn Kumar verða sendir út. Vladimir til vara.
4. **Smáþjóðaleikar.** Í karlaflokki verða Birkir og Rafn Kumar sendir. Raj og Vladimir til vara. Í kvennaflokki verða Íris Staub og Hjördís sendar. Hera og Sandra til vara.
5. **Kynning á aðstöðu í Bath.** Í boði er að fá kynningu á aðstöðu þar fyrir tennisleikara til æfinga, sem virðist ágæt. Jónas kannar hvort það er fýsilegt.
6. **Stigamót og stigameistari.** Talsverð umræða um málið, verður lokið á næsta fundi. Til framtíðar hallast stjórnin að því að 11 mót séu stigamót og 8 bestu telji hjá hverjum til stigameistara.
7. **Dregið og raðað í mót.** Þegar raðað eða dregið er í stigamót, skal ætíð vera viðstaddur fulltrúi sem stjórn TSÍ tilnefnir.
8. **Leikur um 5. sætið í meistaramótinu** hefur loksins farið fram. Magnús vann Hinrik.
9. **Árspaning.** Sigríður Jónsdóttir hefur tekið að sér fundarstjórn.
10. **Drög að fjárhagsáætlun.** Rædd, en verða rædd áfram á næsta fundi.
11. **Samskipti við fjölmiðla.** Eilífðarbarátta um athygli. Sá möguleiki nefndur að við tækjum upp leiki sjálf og settum á vefinn.